

Beygjuradíus slöngu.

Stundum þarf að koma slöngu fyrir með þeim hætti sem sýnt er hér á mynd. Þá er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi jöfnur í huga;

$$\#1 L = 2A + \pi R$$

$$\#2 L = 2A + \pi R + T$$


L = Heildarlengd slöngu í mm eða tommumáli.

A = Lágmarkslengd á beinum kafla við enda slöngu, mælt frá ytri enda fittings. Þessir tveir beinu kaflar eru nauðsynlegir til að komast hjá að of mikið streituálag myndist aftan við fittings inni í slöngunni. A málið er hægt að finna í töflunni „Beygjuradíus slöngu“ undir Tækniefni í valstikunni.

R = Beygjuradíus slöngu í mm eða tommumáli

T = Færslulengd í mm eða tommumáli

Oft geta millistykki í 45° eða 90° komið í veg fyrir að beygjuradíus verði of lítill.



Lengdarmálvik fyrir samsetningar á háþrýstum glussaslöngum er að finna í töflunni „Lengdarmálvik“ undir Tækniefni í valstikunni.